



FUNDARBOÐ

Aðalfundur FÍ fasteignafélags slhf., kt. 571212-0210, verður haldinn að Ármúla 13A, 108 Reykjavík, kl. 14:00, þann 30. apríl 2014.

Á dagskrá fundarins verða eftirfarandi liðir:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins síðastliðið starfsár.
2. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2013 lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins fyrir árið 2013.
4. Ákvörðun um þóknun til stjórnar félagsins.
5. Ákvörðun um tillögu stjórnar um breytingu á samþykktum félagsins.
6. Kosning stjórnar og varastjórnar félagsins.
7. Kjör endurskoðanda.
8. Samantekt stjórnar um hlutafjareign og samstæðutengsl.
9. Tillaga um starfskjarastefnu.
10. Önnur mál.

Tillaga um breyttar samþykktir félagsins

Stjórn félagsins hyggst leggja fram tillögu að breyttum samþykktum félagsins. Efnislegar breytingar á núgildandi samþykktum verða tvíþættar:

1. Breyta skal ákvæði 1.3 þannig að ákvæðið endurspegli að skráð aðsetur félagsins er að Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík. Samhljóða breyting skal gerð á ákvæði 2.1 til þess að endurspeglar breytt aðsetur FÍ fasteignafélags GP ehf.
2. Breyta skal skipan stjórnar félagsins þannig að auk fimm aðalmanna verði kosnir tveir varamenn, sbr. ákvæði 16.1, 18.4, 19.1, 19.2 og 19.3.

Fyrirgreindri breytingu á skipan stjórnar félagsins er ætlað að tryggja að stjórn félagsins sé ályktunarbær þrátt fyrir tímabundna fjarveru aðalstjórnarmanns.

Þá er vakin athygli á því að ákvörðun hluthafafundar um fyrirgreindar breytingar á samþykktum félagsins er aðeins gild ef hún hlýtur samþykki (i) hluthafa sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með á aðalfundinum og (ii) samþykki ábyrgðaraðila félagsins.

Stjórnarkjör

Sérstaklega er bent á að þeir sem hyggjast gefa kost á sér til setu í stjórn skulu tilkynna það skriflega til stjórnar félagsins að minnsta kosti fimm sólarhringum fyrir upphaf aðalfundar. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skal gefa, auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjareign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu. Þeir einir eru kjörgengir sem þannig



hafa gefið kost á sér. Upplýsingar um frambjóðendur til stjórnar munu liggja frammi hluthöfum til sýnis á skrifstofu félagsins, að Amtmannsstíg 1, 101 Reykjavík, eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfundinn, sbr. 63. gr. a laga um hlutafélög nr. 2/1995.

Dagskrá, endanlegar tillögur, ársreikningur félagsins, skýrsla stjórnar og skýrsla endurskoðanda munu liggja frammi á skrifstofu félagsins hluthöfum til sýnis 14 dögum fyrir aðalfund.


Til þess að tillögur frá hluthöfum, sem leggja á fyrir á fundinum, verða teknar þar til umræðu verður að skila þeim til stjórnar félagsins með það miklum fyrirvara að unnt sé að taka málið á dagskrá fundarins.

Á heimasíðu félagsins, www.fifasteignir.is, verður að finna allar frekari upplýsingar í tengslum við aðalfundinn, þ.m.t. rétt hluthafa til að fá mál sett á dagskrá hluthafafundar, ársreikning félagsins, drög að dagskrá fundarins, tillögur stjórnar félagsins, skýrslu stjórnar félagsins, upplýsingar um heildarfjölda hluta og atkvæðafjölda í félaginu, umboðsform auk upplýsinga um skjöl sem lögð verða fyrir fundinn.

Umboðsmenn hluthafa skulu framvísa skriflegum umboðum við inngang. Notast verður við skriflega kosningu. Atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent á aðalfundardaginn frá kl. 13 á fundarstað.

Reykjavík, 11. apríl 2014

F.h. stjórnar FÍ fasteignafélags slhf.


Brynjólfur J. Baldursson, formaður